

Til Allsherjarnefndar Alþingis
b.t. Hildar Njarðvík nefndarritara
Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

30.4.2001

**Athugasemdir Krabbameinsfélags Íslands við frumvarp til laga um
breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga
nr. 77 23. maí 2000.**

Forstöðumenn Krabbameinsskráar Krabbameinsfélagsins hafa sérstaklega kynnt sér lagafrumvarp þetta að beiðni forstjóra félagsins.

Um er að ræða breytingar til samræmingar við Tilskipun Evrópubandalagsins.

Breytingarnar felast m.a. í eftirfarandi:

Frekari staðfestingu á því að lögin gildi einnig um vinnslu gagna utan Íslands og um tilhögun þegar þannig stendur á.

Nýtt ákvæði um áhættumat, endurskoðun þess og skráningu á öryggisstefnu.

Nánari fyrirmæli um fyrirkomulag innra eftirlits ábyrgðaraðila með vinnslu persónuupplýsinga.

Fyrirmæli um það hvernig samningum ábyrgðaraðila við vinnsluaðila skuli háttáð.

Ný viðbót um andmælarétt hins skráða.

Viðbót um forsendur þess að Persónuvernd heimili miðlun persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuvernd.

Virðast okkur allar þessar breytingar vera til hins betra og mælir Krabbameinsfélagið með því að þetta frumvarp verði samþykkt.

Með vinsemd,

F. h. Krabbameinsfélags Íslands,



Guðrún Agnarsdóttir forstjóri
Krabbameinsfélags Íslands